

Fjárlaganefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2015

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016, 1. mál.

Almennt um fjárlagafrumvarpið 2016

Bandalag háskólamanna (BHM) hvetur alþingismenn til að gæta sérstaklega að því að fjárlög næsta árs valdi ekki þenslu í efnahagslífinu. Ábyrg stjórn ríkisfjármála er ein grunnforsenda efnahagslegs stöðugleika hérlendis.

Nýsköpun og tækniþróun

BHM fagnar því sérstaklega að staðið sé við loforð um að hækka framlög til Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs. Fjárfesting í rannsóknum, nýsköpun og tækniþróun er ein helsta forsenda þess að lífskjör á Íslandi verði samkeppnishæf við lífskjör í nágrannalöndunum og þess að íslenskur vinnumarkaður sé ákjósanlegur kostur fyrir háskólamenntað fólk. Því er fagnaðarefni að treysta eigi umhverfi tækni- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi auk þess að fyrirhugað sé að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í nýsköpunargreinum.

Launumhverfi og mat á menntun

Minnt er á að niðurstaða gerðardóms sem skipaður var skv. lögum 31/2015 í kjaradeilu 18 aðildarfélaganna BHM við ríkið er ekki niðurstaða frjálsra samninga um kaup og kjör heldur lögbindinguð. Mikilvægt er að kostnaðarauka vegna gerðardóms sé mætt að fullu með auknum fjárheimildum. BHM fagnar ákvæði gerðardóms um mat á menntun til launa og ítrekar nauðsyn þess að ákvæðinu sé fylgt eftir með auknum fjárheimildum til stofnanasamninga ríkisstofnana.

Fæðingarorlofssjóður

Ljóst er að fæðingarorlofskerfið í núverandi mynd uppfyllir ekki markmið sín og skyldur samkvæmt lögum. Afar brýnt er að kerfið sé endurreist. BHM tekur virkan þátt í vinnu nefndar félagsmálaráðherra sem ætlað er að koma með tillögur að endurbótum á vetri komanda. Í því ljósi vekur athygli að ekki er að finna auknar fjárheimildir til Fæðingarorlofssjóðs í fjárlagafrumvarpinu. BHM minnir á að lögum um fæðingarorlof er ætlað að tryggja rétt karla og kvenna til töku fæðingarorlofs en lækkun á hámarksgreiðslum í fæðingarorlofi hefur gengið þvert á markmið þeirra. Tryggja þarf nægilega hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs í tryggingagjaldi svo sjóðurinn geti staðið undir lögbundnu hlutverki sínu.


Lífeyrisskuldbindingar og afnám hafta

Verði losun fjármagnshafta til þess að svigrúm ríkissjóðs aukist leggur BHM á það áherslu að hluti þess verði nýttur til að greiða áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs. Það verði þó gert með þeim hætti að áhrif þess verði sem minnst á fjárfestingaþörf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og þannig þenslu í hagkerfinu.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

BHM leggur þunga áherslu á að samráð verði haft við bandalagið um endurskoðun á námslána- og endurgreiðslukerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Öllum má vera ljóst að ekki verður við háa og íþyngjandi greiðslubyrði námslána unað. Þá vill BHM koma því á framfæri við alþingismenn að tímabært sé að bandalagið fái fulltrúa í stjórn LÍN.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM